# STYKKISHÓLMUR - AÐALSKIPULAG 2002-2022










3.3.2 ÍBÚÐASVÆÐI

Markmiðið er að framtíðarbyggð verði framhald af núverandi byggð þannig að samfella verði í byggðinni að teknu tilliti til landslags og hagkvæmni. Þannig verði kappkostað að ná fram meiri hagkvæmni í nýtingu gatnakerfis, veitukerfa og viðhaldi opinna svæða. Einnig er stefnt að því að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni í samsetningu íbúðamarkaðarins og svara þannig þörf sem er til staðar fyrir litlar íbúðir.

Þörfinni fyrir minni íbúðir er hagkvæmast að mæta með því að nýta eyður í bænum og byggja í þær lítil einbýlishús, raðhús eða parhús sem geta verið á tveimur hæðum. Það er mælikvarði sem passar vel í eldri byggðina og gefur tilfinningu fyrir þéttari bæ og sterkari bæjarmynd. Stærri einbýlishús verði einkum byggð í jaðri núverandi byggðar en raðhús, parhús og sambýlishús byggð í þær eyður sem finna má í bænum. Þannig njóta íbúar einbýlishúsannna sérbýlisins og sér lóðar en íbúar fjölbýlisins nálægðar við miðbæinn og þjónustu.

Stefnt er að því að vinna deiliskipulag fyrir þær eyður sem finna má í byggðinni. Auk ofangreindra markmiða um þéttleika og hagkvæmni, verði aðlögun að landslagi og bæjarmyndinni höfð að leiðarljósi.

Nýtt íbúðasvæði við Nónvík er í byggingu, lögð verður áhersla á að byggja það hverfi ásamt þéttingu byggðar áður en ráðist verður í byggingu nýs svæðis austan við Flatarhverfið. Með samanburði við eldri íbúðasvæði í Stykkishólmi er lagt mat á íbúðafjölda sem rúmast mun á nýjum íbúðasvæðum. Sjá skýringaruppdrátt um þéttleika - fjölda íbúða á hektara. Svæðin undir íbúðabyggð við Nónvíkurhverfi, Tjarnarmýri og nýtt svæði austan við Flatarhverfið auk þéttingar á þegar byggðu landi er áætlað nægjanlegt landrými á skipulagstímanum. Stefnt er að því að nýting lands á nýjum byggingarsvæðum verði ekki minni en 13 íbúðir á hektara. Í skipulaginu eru teknir frá 19,7 hektarar undir íbúðabyggð, miðað er við 13 íbúðir á hektara sem gerir 256 íbúðir. Miðað við 2,8 íbúa að meðaltali í íbúð þá er hægt að mæta íbúafjölgun upp á u.þ.b. 720 íbúa á skipulagstímabilinu sem er u.þ.b. 2,2 % fjölgun á ári.

3.3.3 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Áfram er unnið eftir stefnu aðalskipulags frá 1985 - 2005 og gert ráð fyrir að framtíðaruppbygging verslunar- og þjónustubygginga verði við Borgarbrautina. Auk þess verður byggt í eyður í gamla miðbænum með blönduðu íbúða- og þjónustuhúsnæði.

Núverandi þjónustustofnanir eru við Austurgötu: sjúkrahús, heilsugæsla og leikskóli; við Bókhlöðustíg: bókasafn; við Skólastíg: dvalarheimili og gamli grunnskólinn; við Hafnargötuna: ráðhús og byggðasafn; við Aðalgötuna: gamla kirkjan, pósthús, banki og sýsluskrifstofa; við Borgarbrautina: Íþróttamiðstöðin, Grunnskólinn og nýja kirkjan.

Gert er ráð fyrir að framtíðar uppbygging þjónustustofnana verði sunnan megin við Borgarbrautina í tengslum við skólann, íþróttamiðstöðina og sýsluskrifstofuna.

3.3.4 VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Verslunar- og þjónustusvæði verður norðan við Borgarbrautina. Einnig er gert ráð fyrir að nýta lóð á horni Silfurgötu og Aðalgötu undir slíka starfsemi. Þá er og ráðgert að í framhaldi af bensínstöðinni til suðurs verði verslunar- og þjónustusvæði. Byggingar á þessu svæði myndu setja mikinn svip á aðkomuna í bæinn og verða einskonar hlið inn í bæinn. Hér verður því að vanda sérlega vel til verks. Þessar byggingar munu auk þess skerpa skil milli byggðs og óbyggðs lands. Á Vatnsásnum sunnan við hótelið er einnig gert ráð fyrir svæði undir þjónustu. Þar ætti að hafa forgang starfsemi sem að nyti á einhvern hátt nálægðarinnar við hótelið. Einnig er gert ráð fyrir að uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu verði við Sundvík. Hugmyndin að svæðinu við Sundvíkina er að þar verði baðstaður við sjóinn í óspilltri náttúru, þó í nálægð við bæinn.

3.3.5 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru meðfram strandlengjunni, Súgandisey og Heljarmýri auk þess sem holt meðfram þjóðveginum er skilið eftir til að skýla athafnasvæði.

3.3.6 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Opin svæði til sérstakra nota í Stykkishólmi eru t.d. skrúðgarður, kirkjugarðar, skólalóðir, tjaldsvæði, íþróttasvæði, golfvöllur og skógrækt.

ÚTIVIST

Stefnt er að því skapa skilyrði fyrir sem fjölbreyttasta útiviðveru.

SKRÚÐGARÐUR

Vestan við Aðalgötuna gengt íþróttavellinum er skrúðgarður bæjarbúa, Hólmgarður. Hann þjónar oft því hlutverki að vera samkomustaður bæjarins á hátíðardögum. Stefnt er að því að einnig verði garður nokkru neðar við Aðalgötuna vestanverða. Það svæði tengist gamla miðbæjarkjarnanum og hefur stundum verið notað sem samkomusvæði.

SKÓGRÆKT

Skógræktin er á Grensásnum og teygir sig í átt að Móvíkinni til norðurs. Mögulegt er að svæðið verði teygt til suðurs að Byrgisborginni og þjóðveginum, þannig að það skýli ásýnd að athafnasvæðinu frá frístundabyggðinni.

STÍGAR

Í skipulaginu er miðað að því að opnu svæðin, skógræktin, golfvallarsvæðið, tjaldsvæðið og íþróttasvæðið myndi heild sem auðvelt er að tengja saman með göngu- og hjólreiðastígum. Mikilvægt er að tenging þessara svæða við bæinn sé góð þannig að þau nýtist sem best fyrir bæjarbúa og að íbúar frístundabyggðar nýti þjónustu bæjarins. Gamli Stykkishólmsvegurinn er merktur inn á þéttbýlisuppdráttinn og lagt er til að gerður verði göngustígur sem fylgi honum að mestu leyti. Vegurinn er þó að öllum líkindum eldri en 100 ára og fellur því undir þjóðminjalög. Taka ber tillit til þess við stígagerðina. Á þéttbýlisuppdrættinum eru helstu stígar merktir inn.

GOLFVÖLLUR

Golfklúbbur Stykkishólms, Mostri, starfrækir níu holu golfvöll þétt við byggðina. Golfklúbburinn hefur nýverið reist golfskála og mun starfsemin væntanlega enn eflast við það.

KIRKJUGARÐAR

Kirkjugarðarnir eru merktir inn á þéttbýlisuppdráttinn. Eldri garðurinn er upp af Maðkavíkinni. Sunnan við byggðina er nýrri garður sem hefur næga möguleika til stækkunar út skipulagstímabilið. Vert er að halda í yfirbragð garðsins og benda má á að steypti veggurinn myndar mjög fallegan ramma utan um hann, en garðurinn er áberandi þegar komið er í bæinn.

FRÍSTUNDABÚSKAPUR

Húsdýrahald hefur lengi verið stundað af íbúum Stykkishólms austan við Byrgisborgina í "Nýræktinni". Þar halda á bilinu 8-12 frístundabændur u.þ.b. 10-15 fjár hver.

Á síðari árum hefur nokkur endurnýjun verið meðal frístundabænda. Stefnt er að því að hlúa að sem fjölbreyttastri frístundaiðkun meðal Hólmara og þar með að frístundabúskapur geti þrifist áfram við góð skilyrði.

Frístundabúskapur er á svæði sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota, og liggur að svæði fyrir frístundabyggð við Nesvog.

U.þ.b. 9 hektara svæði er merkt blandaðri landnotkun, sem blanda af frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota. Þetta svæði er notað af frístundabændum í dag en verður mögulegt að nýta einnig undir frístundabyggð á skipulagstímanum þegar önnur svæði eru að fullu nýtt. Gagnkvæm tillitsemi frístundabænda og íbúa frístundabyggðar er grundvöllur að góðu sambýli þessara aðila, og það er aðlaðandi kostur fyrir íbúa frístundabyggðar að geta fylgst með vel hirtu húsdýrahaldi í nánasta umhverfi sínu.

HESTAMENNSKA

Stefnt er að því að skapa sem hagstæðust skilyrði fyrir hestamenn. Hesthúsin verða áfram upp af Fúluvík.

3.3.7 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Frístundabyggð hefur verið valinn staður í Nýræktinni norðan við Byrgisborgina við Nesvoginn. Í skipulaginu hefur frístundabyggðinni verið markaður reitur, u.þ.b. 15 hektarar að stærð. Lóðir verða að jafnaði á bilinu 2500-3000 m2 (0,25-0,30Ha), og svæðinu verður skipt upp í áfanga í deiliskipulagi með u.þ.b. 10 húsum í hverjum áfanga. Stefnt er að því að fullbyggja hvern áfanga áður en hafist verður handa við þann næsta. Í skipulaginu er gert ráð fyrir strandvernd á svæðinu frá Nesvogsbotni að Baulutanga og viðeigandi ráðstafanir varðandi fráveitu frá frístundabyggðinni eru því nauðsynlegar.

U.þ.b. 9 hektara svæði ofan við frístundabyggðarsvæðið er merkt blandaðri landnotkun, sem blanda af frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota. Þetta svæði er notað af frístundabændum í dag en verður mögulegt að nýta einnig undir frístundabyggð á skipulagstímanum þegar önnur svæði eru að fullu nýtt.

Lögð er áhersla á að byggðin sé nokkuð þétt og hafi samræmt, vandað og snyrtilegt yfirbragð. Þegar höfð er í huga sú þróun sem líkleg þykir að ferðaþjónustan, með áherslu á sérkenni lands og þjóðar, verði ein af öflugustu atvinnugreinum 21. aldarinnar, þá ber að stefna að því að hönnuðir leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleifð bæði hvað varðar efnisval og lausnir. Þannig má styrkja sérstöðu bæjarins m.t.t. uppbyggingu ferðaþjónustu.

Einnig ber að hafa í huga, við skipulagningu þessa svæðis, að aðgengi almennings að strönd Nesvogs verði óheft. Óheimilt er að byggja nær ströndinni en 50 m.

3.3.8 ATHAFNASVÆÐI / HAFNARSVÆÐI

Markmiðið er að hafa tiltæk svæði fyrir sem fjölbreyttasta atvinnustarfsemi. Stefnt er að enn betri nýtingu núverandi hafnar- og athafnasvæða og er deiliskipulagning þeirra verkfæri til þess.

Í deiliskipulagi verður tekið á nýtingu svæðanna með tilliti til hagkvæmni og landslags og aðlögunar að bæjarmyndinni.

Tvö hafnarsvæði eru á skipulaginu, við Stykki, og við Skipavík (sbr. kafla 2.7). Athafnasvæði sem þegar eru í notkun eru vestan við Ytri-Höfða, upp af hafnarsvæðinu við Stykkið, vestan við Svartatanga austan sjúkrahússins, vestan Jaðarsmýrarinnar, og upp af Fúluvík.

Stefnt er að því að ný athafnasvæði myndi samfellu eða tengingu við núverandi svæði, þar sem því verður við komið. Lóðir verða flokkaðar eftir eðli og ásýnd starfseminnar sem á þeim verður, með það að markmiði að stýra sjónmengandi starfsemi á lítt áberandi svæði.

Nýtt athafnasvæði A1 (sjá þéttbýlisuppdrátt) tengist athafnasvæðinu við Hamraendana og flugvellinum. Þetta er viðkvæmt svæði hvað ásýnd varðar. Það er að mestu opið fyrir umferð til bæjarins og eðlilegt að í deiliskipulagi verði settar kvaðir varðandi útlit og girðingu. Hér er fyrst og fremst hugsað um starfsemi sem hefur snyrtilega ásýnd.

Einnig er gert ráð fyrir athafnasvæði A2 (sjá þéttbýlisuppdrátt) austan við þjóðveginn og ásinn á móts við Hamraendana. Það svæði er að einhverju leyti í hvarfi þegar komið er eftir þjóðveginum. Það er hinsvegar nálægt frístundabyggðinni og frístundabúskapnum þannig að hér þarf að setja kvaðir í deiliskipulagi þar sem áhersla er lögð á góða ásýnd. Mögulegt er að teygja skógræktarsvæðið til norðurs og vesturs að Byrgisborginni þannig að það skýli ásýnd að athafnasvæðinu frá frístundabyggðinni. Á þetta svæði þarf að velja starfsemi sem ekki hefur neikvæð áhrif á mögulega uppbyggingu frístundabyggðarinnar.

Þriðja nýja svæðið A3 (sjá þéttbýlisuppdrátt) er við suðurenda flugvallarins. Þar er gert ráð fyrir vegsækinni starfsemi. Kröfur um snyrtilega ásýnd verða ekki eins strangar og á hinum svæðunum.

Fjórða nýja svæðið A4 (sjá þéttbýlisuppdrátt) er staðsett austan við flugvöllinn. Þar er gámastöð fyrir móttöku og flokkun sorps. Umgengni og frágangur svæðisins verði í samræmi við viðeigandi reglugerðir, og snyrtileg ásýnd tryggð.

Stefnt er að því að deiliskipuleggja öll nýju svæðin (A1-A4) með tilliti til þeirrar starfsemi sem á þeim verður, hagkvæmrar nýtingar og landslags. Í deiliskipulagi er mikilvægt að vinna af nákvæmni með landnýtingu í huga þar sem afar mismunandi þarfir kunna að vera, eftir starfsemi einstakra fyrirtækja, til athafnasvæða og húsrýmis á þeim.

3.3.9 GATNAKERFI OG UMFERÐ

Vegakerfi er að mestu óbreytt, stofngata er þjóðvegurinn inn í bæinn og niður að höfninni. Nýir vegir eru tenging við þjónustusvæðið í Sundvík, tenging við athafnasvæðið A2 og tenging við svæðið fyrir frístundabyggð.

Flugvöllurinn er óbreyttur og um hann gilda takmarkanir skv. fyrirmælum flugmálastjórnar. Flugbrautin er 1120 m löng og 33 m breið. Umhverfis hana er öryggissvæði sem er 150 m að breidd og 60 m frá hvorum enda. Þetta svæði á að vera hindranalaust. Upp frá öryggissvæði til hliðar við braut er hindranaflötur með hallann 1:5 upp á við, upp í 45 m hæð yfir braut. Upp í gegnum þennan flöt má ekkert koma. Þaðan er láréttur flötur út í 3500 m radíus mælt frá flugbrautarenda. Ef eitthvað fer upp í gegn um þennan lárétta flöt þarf að skoða það sérstaklega með tilliti til flugöryggis og hindranalýsa ef þörf krefur. Upp frá báðum flugbrautarendum koma aðflugs og brottflugsfletir með hallanum 1:30 með 15% víkkun og ná þeir út í 2500 m. Þessir fletir verða að vera lausir við allar hindranir. Á þéttbýlisuppdrættinum er öryggissvæðið merkt með brotalínu.

3.3.10 ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI

Einn staður er friðlýstur í landi Stykkishólms skv. þjóðminjalögum. Það er gömul búðartóft í Búðarnesi sem var friðlýst árið 1929. Búðarnesið og Hjallatanginn eru merkt sem opin svæði til sérstakra nota, þar má finna nokkrar fornminjar og svæðið er kjörið til útivistar.

Minjaskrá sem hér er birt, í fylgiskjali bls. 27, er skráð eftir fornleifaskráningu Ágústar Ó. Georgssonar, sem hann gerði 1987. Hér eru eingöngu taldar upp minjar í A-flokki, þ.e. minjar með mikið minjagildi. Þær eru merktar inn á þéttbýlisuppdráttinn.

U.þ.b. 60 hús í Stykkishólmi eru byggð fyrir 1918 og njóta þar af leiðandi verndunar samkvæmt húsafriðunarlögum. Af þeim eru þrjú friðuð þ.e. Norska húsið, gamla Stykkishólmskirkjan og Egilshús. Friðuð hús eru merkt inn á þéttbýlisuppdráttinn.

3.3.11 STRANDVERND

Strandlengjan frá botni Nesvogar að Baulutanga er gerð að verndarsvæði vegna strandmengunar sem fellur í flokk I skv. 13. gr. í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994. Nesvogurinn er bæði grunnur og lokaður og því full ástæða til að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarhættu, sérstaklega þegar haft er í huga gildi útivistarsvæða við voginn svo og uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu við Sundvík.

3.3.12 VEITUR OG SORPFÖRGUN

Hitaveita og vatnsveita eru merkt á þéttbýlisuppdráttinn.

Nývерið fékk Heilsuefling Stykkishólms ehf. vottun á heita vatninu í

Stykkishólmi. Sú vottun kemur frá þýskri stofnun, Institut Fresenius, sem

sérhæfir sig í vatns og umhverfisvottun. Segja þeir vatnið sérstaklega gott og þá einna helst við stoðkerfissjúkdómum en mæla einnig með því til drykkjar. Vatnið í Stykkishólmi hefur einnig reynst mjög gott til meðhöndlunar á psoriasis og exem sjúkdómum. Stefnt er að frekari nýtingu og markaðssetningu þessara eiginleika vatnsins.

Gámastöð fyrir móttöku og flokkun sorps er staðsett á athafnasvæði austan við flugvöllinn, en þaðan er farið með sorpið til förgunar í Fíflholt á Mýrum.

Skólpi frá Stykkishólmi er veitt niður að stórstraumsfjörumörkum um margar, smáar útrásir. Tillögur hafa verið unnar til úrbóta sem miða að því að ákvæðum viðeigandi reglugerða verði fullnægt.

Rarik sér um dreifingu raforku. Raflínan er merkt á þéttbýlisuppdráttinn.

3.4 STYKKISHÓLMUR - GAMLI BÆRINN

Í skipulaginu er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi. Jafnframt er hvatt til frekari nýtingar og uppbyggingar í gamla bænum. Þar eru áhugaverðir möguleikar á þjónustu við ferðamenn í sambýli söguminja og nútíma atvinnuhátta.

Húsaþyrpingarnar í gamla bænum í Stykkishólmi eru menningarverðmæti sem Hólmarar eiga og ljóst er að mikill áhugi er fyrir þeim. Í gamla bænum er að finna einstök menningarverðmæti á landsvísu. Þar eru án efa vannýtt sóknarfæri til kynningar á bænum með tilliti til ferðaþjónustu. Er þá hugsað til þess sem spáð hefur verið að ferðaþjónustan, með áherslu á sérkenni lands og þjóðar, verði öflugasta atvinnugrein 21. aldarinnar.

U.þ.b. 60 hús í Stykkishólmi eru byggð fyrir 1918 og njóta þar af leiðandi verndunar samkvæmt húsafriðunarlögum. Af þeim eru þrjú friðuð þ.e. Norska húsið, gamla kirkjan og Egilshús.

Hörður Ágústsson gerði árið 1978 húsakönnun í Stykkishólmi sem eflaust hefur átt stóran þátt í þeim áhuga sem verið hefur á viðhaldi gamalla húsa í Stykkishólmi.

Kristín Þorleifsdóttir vann lokaritgerð í landslagsarkitektúr árið 1999 sem fjallaði um gamla bæinn í Stykkishólmi og er þar varpað ljósi á marga athyglisverða þætti.

Í þessum ritum er að finna sameiginleg sjónarmið varðandi varðveislu og þróun gamla bæjarins. Stefnt er að því að þessi sameiginlegu sjónarmið séu höfð að leiðarljósi þegar að framkvæmdum kemur.

Í húsakönnun Harðar segir m.a.:

"Tilgangur húsverndar er tvíþættur. Með varðveislu húsa, götumyndar eða hverfa, sem gerð eru með þeim hætti að votta menningarbrag síns tíma, byggingarlistar- eða þjóðháttarlegan, er verið að hirða um, hlú að, þjóðmenningararfi og honum skilað öldnum og óbornum. Í annan stað er verið að halda í manneskjulegt umhverfi og hamla gegn blindri vélvæðingu nútímans og andlausri sístöðlun hans ... . .... Saga Stykkishólms er merkur þáttur í þjóðarsögunni allri, og hana ber að varðveita í húsum ekkert síður en í bókum. Hólmarar verða að gæta þess að ummerki hennar í sýnilegri mynd þurrkist ekki út, sérkenni staðarins myndi fara sömu leið" (Hörður Ágústsson, 1978).

Hér fer á eftir umfjöllun um þau atriði sem brýnast er að hafa í huga við deiliskipulagsgerð í gamla bænum og aðlögun nýrra framkvæmdaáforma að honum.

Gatnagerð

Þegar hugað er að viðhaldi eða endurnýjun gatna verði það megin sjónarmið látið ráða að göturnar lagi sig að landinu og húsunum sem fyrir eru þ.e. landið og byggðin verði forsendan en stöðluð götunorm látin víkja. Með þetta í huga er mikilvægt að huga vel að breidd, hæðarsetningu og efnisvali gatna. Varðandi frágang og efnisval verði sótt viðmið í gömlu húsin.

Götumyndir

Lagt er til að byggt verði í eyður í miðbænum þannig að götumyndir verði heillegar og styrki þannig bæjarmyndina. Einnig er vert að huga að þeirri ásýnd sem blasir við þegar siglt er inn í höfnina.

Húsagerð

Mikilvægt er að hönnuðir nýrra húsa í gamla bænum leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleifð bæði hvað varðar efnisval og lausnir. Nýbyggingar í gamla bæjarkjarnanum verða að taka fullt tillit til gömlu húsanna er hafa menningarsögulegt mikilvægi. Þá er ekki átt við að nýbyggingarnar eigi að líta út fyrir að vera gamlar heldur að form, hlutföll, efnisval, frágangur og hrynjandi húsanna taki mið af gamla bæjarkjarnanum.

"Nýtt og gamalt getur vel farið saman í húsagerð eins og á öðrum sviðum mannlífsins. Hið nýja verður einungis að sýna því eldra fulla tillitssemi" (Hörður Ágústsson, 1978).

Rými

Stefnt verði að því að móta bæjarrými í gamla bænum er þjóni sem samkomustaður í hjarta bæjarins. Þannig má nýta það góða orðspor sem af gamla bænum fer til að renna stoðum undir viðgang og frekari uppbyggingu hverskyns þjónustu. Í gamla bænum verði stjórnsýslan, menningar- og ferðatengd þjónusta, ásamt ýmissi annarri þjónustu.

Opin svæði

Mikilvægt er að skilgreina öll opin svæði og notkun þeirra þannig að markvisst sé hægt að vinna að frágangi og ásýnd þeirra.

Sjónarhorn

Athyglisvert er að skoða þau sjónarhorn sem þó nokkrir listamenn hafa valið sér sem viðfangsefni í Stykkishólmi. Mörg eru þau af húsaþyrpingunum í gamla bæjarkjarnanum, höfninni og niður Skólastíginn að Súgandisey. Vert er að varðveita þessi sjónarhorn eftir bestu getu þannig að þau geti áfram glatt augu manna.

"Sé staðið ofarlega á Skólastíg og horft niður eftir honum út á höfnina blasir við ein sérkennilegasta sjávargötumynd á Íslandi, enda hafa margir listmálarar kunnað að meta hana" (Hörður Ágústsson, 1978).

Landslag

Landslag haldi sem mest einkennum sínum og er þá sérstaklega hugsað til þess að takmarka landfyllingar.

Deiliskipulag / húsakönnun

Æskilegt er að lokið verði við vinnu deiliskipulags fyrir gamla bæinn, en deiliskipulag:

- skilgreinir notkun allra svæða
- skilgreinir legu gatna
- skilgreinir byggingarlóðir
- skilgreinir meginlínur varðandi form og hlutföll nýbygginga
- skilgreinir meginlínur varðandi efnisval
- er verkfæri byggingarnefndar til að svara fyrirspurnum varðandi framkvæmdir í gamla bænum
- er áætlun og stefnuyfirlýsing bæjaryfirvalda varðandi umgengni um þann menningararf sem fólginn er í gamla bæjarkjarnanum

Markmið deiliskipulags er að greiða fyrir framkvæmdum. Deiliskipulag verður leiðbeinandi varðandi úrlausnir og segir til um hvað er heimilt og hvað er óheimilt að framkvæma með það að leiðarljósi að styrkja einkenni byggðarinnar. Almennt ber að forðast;

- að spilla byggðinni með gatnagerð sem tekur ekki tillit til gömlu húsaþyrpinganna eða bæjarstæðisins
- að spilla byggðinni með byggingum sem stinga í stúf við stærðir og hlutföll þeirra húsa sem fyrir eru
- að spilla húsum með annarlegum viðbyggingum eða annarlegri smíð
- að spilla húsum með klæðningum og efnisnotkun sem er í mótsögn við uppruna húsanna
- að spilla megineinkennum bæjarstæðisins frá náttúrunnar hendi

Uppfærsla/endurskoðun á húsakönnun Harðar Ágústssonar frá 1978 er mikilvægur grunnur að deiliskipulagsvinnu fyrir miðbæinn. Endurskoðunin mun:

- skilgreina þær breytingar sem orðið hafa frá 1978
- afla mikilvægra gagna um bæinn
- verða leiðbeinandi varðandi deiliskipulagsvinnuna

Hliðarafurðir deiliskipulags og uppfærslu húsakönnunar er upplýsingabanki sem hægt yrði að nýta til vinnslu kynningarefnis fyrir bæinn með tilliti til markaðsetningar og ferðaþjónustu.

4. VINNUFERLIÐ

VINNUFERLI OG SAMRÁÐ

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst haustið 2000. Helstu aðilum sem hagsmuna áttu að gæta eða gátu haft áhrif á gerð skipulagsins var tilkynnt um aðalskipulagsgerðina og óskað eftir athugasemdum þeirra og viðbrögðum. Einnig var ýmsum opinberum stofnunum tilkynnt um að þessi vinna væri að hefjast og óskað eftir þátttöku þeirra og samstarfi.

Samhliða vinnu við aðalskipulagið var sett í gang hugmyndavinna varðandi deiliskipulag fyrir miðbæinn. Sú vinna var í raun nauðsynlegur þáttur í aðalskipulagsvinnunni. Haldinn var opinn borgarafundur um skipulagsmál og framtíð miðbæjarins. Sá fundur var afar vel sóttur og ýmsar skoðanir viðraðar.

Framvinda vinnunnar við skipulagið var kynnt eftir því sem þurfa þótti á nokkrum fundum með bæjarstjórn, skipulagsnefnd og miðbæjarnefnd. Einnig hafa verið haldnir vinnufundir með formanni skipulagsnefndar og bæjarstjóra. Þá hafa áhersluþættir skipulagsins verið kynntir í bæjarblaðinu Stykkishólmspóstinum og þar vísað á vefsíðu þar sem hægt var að skoða uppdrættina. Samráð var haft við Breiðafjarðarnefnd, og ennfremur var Siglingastofnun Íslands, Vegagerðinni, Flugmálastjórn, Náttúruvernd ríkisins, skipulagsnefnd kirkjugarða, Þjóðminjasafni Íslands og Hollustuvernd ríkisins, kynnt skipulagsvinnan og óskað eftir umsögnum frá þeim.

Þann 12.12.2001 var haldinn opinn almennur kynningarfundur um skipulagið þar sem farið var yfir skipulagstillöguna og fyrirspurnum svarað.

VINNA VIÐ UPPDRÆTTI OG GREINARGERÐ

Vinnu við greinargerð og uppdrætti skipulagsins önnuðust eftirtaldir aðilar:

- Bæring Bjarnar Jónsson ark. faí / Gláma-Kím, arkitektar Laugavegi 164 ehf., Reykjavík.
- Sigurgeir Skúlason kortagerð.

5. HEIMILDIR

Ágúst Ó. Georgsson, 1987. Fornleifaskráning í Stykkishólmi. Reykjavík, 1987.

Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason og Ævar Petersen, 1989. Árbók 1989, Breiðafjarðareyjar. Ferðafélag Íslands. Reykjavík, 1989.

Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson, 1992. Saga Stykkishólms 1596 - 1845. 1. bindi. Stykkishólmi 1992.

Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson, 1997. Saga Stykkishólms 1845 - 1892. 2. bindi. Stykkishólmi 1997.

Bergsveinn Gíslason, 1981. Örnefnaskrá, Reykjavík 1981.

Byggðastofnun, 2001. Upplýsingar frá Byggðastofnun, sendar með tölvupósti.

Bæjarstjórn Stykkishólms og Skipulagsstjóri ríkisins, 1985. Stykkishólmur aðalskipulag 1985 - 2005.

Guðríður Þorvarðardóttir, 1999. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 - 2004. Breiðafjarðarnefnd / Umhverfisráðuneytið. Reykjavík 1999.

Hagstofa Íslands, 2001. Upplýsingar frá Hagstofunni sendar með tölvupósti.

Hörður Ágústsson, 1978. Húsakönnun Stykkishólmi. Reykjavík 1978.

Kristín Thorleifsdóttir, 1999. Conservation Area: A New Criteria for a historic District in the Town of Stykkishólmur, Iceland. The School of Design, North Carolina State University 1999.

Náttúruminjaskrá, 1996. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.

Skipulagsreglugerð, 1998. Stjórnartíðindi B, nr. 400 / 1998.

6. FYLGISKJÖL

FORNLEIFASKRÁNING Í STYKKISHÓLMI - A-FLOKKUR.

Minjaskráning sem hér er birt er skráð eftir fornleifaskráningu Ágústar Ó.Georgssonar, sem hann gerði 1987. Hér eru eingöngu taldar upp minjar sem hann setti í A-flokk, þ.e. minjar með mikið minjagildi þar sem friðun er æskileg. Í fornleifaskráningunni er einnig flokkað í B- og C-flokk.

Tölurnar sem eru gefnar upp með A-flokknum eru aldursgreiningar:

1 er rúst frá um 870 - 1000.
2 er rúst frá um 1000 - 1550.
3 er rúst frá um 1550 - 1800.
4 er rúst frá um 1800 og síðar.

Það skal tekið fram að þetta er aðeins lítill hluti af þeim minjum sem finnast í landi Stykkishólms. Í skrá Ágústar eru skráðir 303 minjastaðir.

Búðarnes:

Nr. 24 a-b. Búðarrúst og veggjabrot, A3-4. Túnið í Búðarnesi.
Nr. 25. Rúst, A4. Austasti hluti Búðarnesstúns.
Nr. 26. Rústarbunga, A3-4. Túnið í Búðarnesi vestanvert.
Nr. 27. Rúst, A3. Norðvesturhluti Búðarnesstúns, á sjávarbakkanum.
Nr. 28 a-b. Naust og grjótbryggja, A4. Sjávarbakki vestast á Búðanestúni og fjaran neðan hans.
Nr. 29 a-c. Rúst og veggjabrot, A4. Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðanesvíkur.
Nr. 30. Rúst, A3. Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðanesvíkur.
Nr. 31. Rúst, A3. Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðanesvíkur.
Nr. 32. Húsarúst, A3. Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðanesvíkur.
Nr. 33 a-b. Rúst? og grjóthleðsla, A3. Ásinn sunnan til á Búðanesi.

Grunnasundsnes:

Nr. 43. Álagablettur/Dys, A3-4. Grasflöt milli vega til skipasmíðastöðvarinnar og trésmiðjunar Ösp.

Hjallatangi:

Nr. 3. Útihús, A4.
Nr. 4. Túngarður, A4.
Nr. 5 a-b. Kofarúst og garðbrot/veggjabrot, A4.
Nr. 6. Bæjarstæði, A4. Á Hjallatanga miðjum, að sunnanverðu.
Nr. 7 a-d. Hesthús, rústir og afgirtur reitur, A3-4. Sjávarbakki, utarlega á sunnanverðum Hjallatanga.
Nr. 8 a-b. Fiskbyrgi og hjallur, A3-4. Sjávarbakki, utarlega á sunnanverðum Hjallatanga.
Nr. 9 a-e. Naust og grjótbryggja, A4. Dálítil vík, sem skerst inn í norðanverðan Hjallatanga, utarlega.

Ögur:

Nr. 68 a-f. Hjallar/fiskbyrgi, A2-4. S. K. Akratá, þar sem túnið endar til vesturs.
Nr. 70 a-f. Garðlög og húsarústir, A1-2. Vestast á Akratá í slakka, sem hallar móti suðri.

Minjar sem ekki verðar flokkaðar eftir jörðum:

Nr. 42. Vegur, A3-4.
Nr 46 a-c. Grjótkantur og bryggjur, A4. Fjaran milli Mylluhöfða og brúar út í Stykki. Lending.
Nr. 47. Stekkur, A4.
Vestast í Stekkjarás, grænn og áberandi staður í norðurbrún hans.
Nr. 48. Skothús, A4. Austast í Stekkjarás.
Nr. 50 a-c. Sauðhús, grjóthleðsla og húsrúst, A4. Nálægt skógræktarsvæði, sunnanvert í vesturenda grensáss, við veg.
Nr. 51. Fjárbyrgi, A3-4. Lægð í suðaustanverðri Byrgisborg, nálægt klettabrúninni.
Nr. 56. Bæjarstæði, A3. Lægð milli tveggja klettahæða vestast í s. k. Hömrum.
Nr. 59. naust, A3.
Dálítil lægð í sandfjöru um 200 - 250 m SV Hamra.
Nr. 60 a-b. Sjóbúð? og bæjarstæði, A3. Þýflendi við sjóinn um 250 - 300 m suðvestan hamra.
Nr. 62. Fjárbyrgi?, A2-3. Nokkuð þýft mýrlendi. Ögursvegur um 10 m norðaustan við.

7. SKRÁ YFIR TÖFLUR

1. tafla. Mannfjöldi í Stykkishólmi / Stykkishólmsbæ 1901 - 2000.
2. tafla. Ársverk eftir atvinnugreinum í Stykkishólmi 1988 - 1997.
3. tafla. Aldursskipting karla og kvenna í Stykkishólmi 1. jan. 2000
4. tafla. Innanlandsflutningar í Stykkishólmi.

Skýringaruppdráttur og greinargerð